

VALGREINAR



2026-2027
8. – 10. bekkur

MUNDU AÐ VALIÐ ER BINDANDI Námsval 8. - 10. bekkjar 2026-2027

Hér eru upplýsingar um þær valgreinar sem verða í boði næsta skólaár. Allir nemendur munu stunda nám í svokölluðum kjarna en gefst kostur á að velja aðrar námsgreinar. Þetta fyrirkomulag er eftir forskrift Aðalnámskrár grunnskóla og eykur möguleika nemenda á því að ráða meiru um hvaða námsgreinar þeir leggja stund á.

Í mörgum tilvikum þarf að setja nemendur úr öllum árgöngum í sama hópinn. Þó eru sumar valgreinar aðeins fyrir 9. og 10. bekk og eru þær merktar sérstaklega.

Val nemenda hefur að sjálfsögðu áhrif á skipulag komandi skólaárs og því verða breytingar á vali erfiðar eftir að skóli hefst á komandi hausti. Því biðjum við nemendur að vanda valið.

Það skal tekið fram að stundum er ekki hægt að verða við öllum óskum nemenda varðandi valið, stundum fellur kennsla ákveðinna hópa niður ef of fáir velja, og sumar valgreinar eru kenndar samtímis. Þá verður að skoða hvaða grein getur komið í staðinn. Þess vegna eiga nemendur að merkja með tölustöfum þannig að nr.1 sé það fag sem þá langar helst til að fara í síðan nr. 2 o.s.frv.

8. bekkur verður í hringekju sem eru þrjú tímár: heimilisfræði, smíði, og textílmennt. Þess vegna eru þær greinar ekki í boði í vali.

9. og 10. bekkur þurfa að velja í tvennu lagi, annars verður bundið val í verk- og listgreinum 3 tímár á viku og svo annað val, það er hægt að velja fleiri en þrjú í bundnu vali en ekki færri.

Valblaði skal skila í síðasta lagi **22. maí** - 7. bekkur til umsjónarkennara, 8. og 9. til ritara **Nemendur sem skila of seint eiga á hættu að fá ekki þær valgreinar sem þeir óska helst eftir.**

Námsgreinar nemenda í 8.-10. bekk munu skiptast í tvennt: kjarnagreinar og frjálst val. Kjarnagreinar standa saman af íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, sundi og íþróttum.

Frjálst val eru þær greinar sem nemandi velur af valblaðinu og þarf nemandi í 8. bekk að skila fimm stundum á viku í vali, en nemandi í 9. og 10. bekk þarf að skila átta stundum á viku í vali. Næsta vetur verða tvær þeirra áhugasviðstímar. Stundum hittist svo á að valgreinar eru fleiri öðru hvoru megin við áramót þar sem flestar valgreinar eru kenndar hálfan veturinn.

ATH: Nemendur í 10. bekk hafa lokið þeim sundtímum sem skylt er að hafa á unglíngastigi. Þeir sem ekki náðu 10 stiginu eða vilja halda áfram að þjálfa sundið geta tekið það sem valgrein í einn tíma á viku.

bekkir	ísl	stæ	ens	dan	nátt	sam	lífs	uppl	verk	íþr	sund	samt	Áhuga-sviðsv	bundið val	val	samt
8.	5	5	4	3	3	2	1	1	4	2	2	32	0	0	5	37
9.	6	6	4	4	3	2	1	0	0	2	1	29	0	4	4	37
10.	6	6	4	4	3	2	1	0	0	3	0	29	0	4	4	37

7 undur veraldar – í máli og myndum

Fjallað verður í máli og myndum um það sem kallað hafa verið 7 undur veraldar. Fjallað verður um Kínamúrinn, Machu Picchu, Chichen Itza stallapýramídan í Mexíkó, Petra klettabyggðina í Jórdaníu, Jesú styttuna í Brasilíu, Taj Mahal á Indlandi og hringleikahúsið í Róm. Allskonar verður skoðað í tengslum við þessi fyrirbæri. Einhver verkefnavinna.
Kennslustundaföldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Aðstoð við íþróttaskóla Ísafjarðarbæjar

Nemandi fer inn á æfingu hjá íþróttaskólanum og aðstoðar nemendur undir leiðsögn þjálfara.

Verkefni gætu t.d. verið að aðstoða við leiki, að aðstoða í hópaleikjum, aðstoð við uppsetningu og frágang, að ræða við þau um hina ýmsu þætti sem koma að íþróttaiðkun.

Kennslustundaföldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Bandaríkin í kvikmyndum

Horft verður á kvikmyndir sem eru fræðandi um sögu Bandaríkjanna. Gerðar hafa verið kvikmyndir um Kristófer Kolumbus, fyrstu evrópsku landnemanna í Norður-Ameríku. Þrælահaldinu hefur einnig verið gerð góð skil í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Kennslustundaföldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Boltaval

Nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á ýmsum atriðum í tengslum við stærstu boltagreinar sem stundaðar eru. Tímarnir eru bóklegir, í þeim er farið yfir helstu deildir heimsins frá hinum ýmsu sjónarhornum. Það verður meðal annars farið yfir ýmsa tölfræði, árangur einstaklinga og liða ásamt sögu félaga og fleira.

Kennslustundaföldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Dans – B

Nemendur kynnist ólíkum dansstílum. Hip hop, House, Street, Tik Tok, sköpun. Mikilvægt er að nemendur sýni frumkvæmi, áhuga og samvinnu.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn

Erasmus samstarfsverkefni

Aðeins fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Skólinn er aðildarskóli að Erasmus+ og næsta vetur hefst samstarfsverkefni með skólum í Evrópu. Unnið verður með efni sem tengist stafrænu námi og upplýsingatækni. Nemendur munu vinna fjölbreytt verkefni, sem meðal annars fela í sér samskipti við nemendur í samstarfsskólum, utanlandsferðum og móttöku erlendra nemenda í skólann.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku allan veturinn

Fab Lab - B

Nemendur nýta sitt eigið frumkvæði og sköpun til að ná tókum á grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab. Kennslan fer fram í FabLab smiðju á Torfnesi.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Fata- og búningasaumur - B

Vinna með notuð föt og endurgera í búninga. Vinna út frá einfaldri sníðagerð fatnað sem nemendur sjá fyrir sér að myndi nýtast þeim. Grunnkunnátta að geta notað saumavél og að hafa náð að tileinka sér þolinmæði og vönduð vinnubrögð.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Fornám ökunáms

Námskeiðið er ætlað 10. bekkingum sem undirbúningur til að hefja ökunám.

Nemendur þurfa að vera meðvitaðir um umferðarmál í víðum skilningi þess hugtaks. Stefnt er á að gera þá betur í stakk búna til að hefja ökunám og að þeir verði betri ökumenn framtíðarinnar. Farið verður yfir þætti er varða umferð og umferðarmenningu, slys og afleiðingar hraðaksturs, tryggingar og búnað ökutækja. Athugaður verður kostnaður við rekstur ökutækja. Farið verður yfir umferðarmerki og umferðarlög.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Förðun

Farið verður yfir hvað er vinsælast í förðun og tísku. Unnið með ljósmynda- og leikhúsförðun. Skoðaðar tískubylgjur í gegnum árin. Einnig farið yfir mikilvægi umhirðu húðar.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Gellubókaklúbbur

Í Gellubókaklúbbi lesum við skemmtilegar gellubækur – bækur eftir konur og um konur sem eru myndar, dramatískar, rómantískar eða bara ómótstæðilega góðar. Hér er pláss fyrir alls konar sögur og alls konar lesendur.

Þrátt fyrir nafnið er áfanginn fyrir öll kyn. Aðalatriðið er að hafa gaman af lestri, deila skoðunum og njóta þess að kafa í góðar bækur saman.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku hálfan veturinn.

Hárgreiðsla

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

-að nemendur kynnist umhirðu hárs, bygging hárs, þh gildi og umhirðu hárs.

- að nemendur þjálfist í að blása, slétta, krulla og flétta með nokkrum lokkum (notast við æfinga-hausa)

- að nemendur þjálfist í verklegri vinnu á hver öðrum s.s. hárfvotti, blása, slétta, krulla, fletta, gera snúða og geri ýmsar hárgreiðslur í hvort annað.

- Kynnist tískusveiflum í hárgreiðslu síðustu ára, skoðað í bókum og á interneti.

Mikilvægt er að nemandi sé tilbúin að leyfa öðrum að meðhöndla hár sitt (greiða, flétta o.s.f.v.) því er ekki gott að vera hársár.

Kennslugögn: Hvers konar áhöld sem tilheyra hárgreiðslu

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku hálfan veturinn.

Heimilisfræði – B

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

Þessi valgrein hentar vel þeim sem hafa áhuga á matreiðslu og bakstri og langar til að byggja ofan á þekkingu sína í faginu. Notast verður við uppskriftir úr ýmsum áttum en inn á milli verður matreitt án hefðbundinna uppskrifta. Áhersla verður á hollan og góðan mat en sætar krásir fá að fljóta með annað slagið. Þetta fag krefst góðrar samvinnu nemenda, sjálfstæði hvers og eins og er kjörinn vettvangur til sköpunar. Heimilisfræðival hentar illa þeim sem eru matvandir.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn

ATH. Þetta val hentar illa þeim sem eru mjög matvandir

Himingeimurinn

Fjallað er um fyrirbærið himingeimurinn. Hvernig er hann uppbyggður? Reikistjörnurnar í kringum okkur. Hvað eru stjörnur? Er líf á öðrum hnöttum og getur það þrífist á öðrum hnöttum? Getur maðurinn búið annars staðar en á jörðinni?

Stjörnumerkin og annað sem tengist stjörnum himingeimsins.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn

Íþróttþjálfun

Nemendur sem æfa íþrótt með félögum bæjarins geta fengið þjálfunina metna sem tvær kennslustundir á viku. Foreldrar taka ábyrgð á mætingu. Aðeins er hægt að fá eina íþrótt metna.

Jóga

Kenndar verða stöður og farið í jóga - vinasya, Astanga, restorative. Farið verður í öndun og mikilvægi hennar. Farið verður í uppruna jóga. Og fleira tilfallandi.

Kennslustundaföldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Keramík - B

Lært á helstu tól og tæki til leirvinnslu. Útbúnir nytjahlutir, þeir síðan brenndir og málaðir.

Kennslustundaföldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Lagasmíðar

Í þessari valgrein fá nemendur tækifæri til að kynnst einföldum og skemmtilegum forritum sem auðvelda þeim að skapa tónlist frá grunni. Farið verður yfir undirstöðuatriði í sköpun tónlistar, textagerð, form og uppsetningu laga. Einnig kíkjum við á mismunandi tónlistartegundir til innblásturs. Kennsla fer fram með sýnikennslu, kennslumyndböndum, hópstarfi og verkefnum.

Kennslustundaföldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Leiklist - B

Leikverk valið og unnið í samráði við nemendur. Valið fer fram á haustönn og eru 2 kennslustundir á viku. Nemendur fá þjálfun og innsýn í að setja upp leikverk. Leiðsögn og kennslu á leikæfingum. Generalprufa og leiksýning við lok námskeiðs.

Kennslustundaföldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Líkamsrækt og þjálfun

Þetta val er aðeins fyrir nemendur sem ekki í neinu skipulögðu íþróttastarfi.

Nemendur fá hjálp við að finna sína hreyfingu ásamt því að ræða um matarræði og heilbrigðan lífsstíl. Farið í styrktarþjálfun, hjólaferðir, leiki og æfingar sem gera hreyfingu skemmtilegri. Heimsóknir í líkamsræktarstöðvar og fleira á svæðinu.

Nauðsynlegt er að nemendur hafi fatnað við hæfi hvers tíma og aðgang að reiðhjóli.

Kennslustundaföldi: 1 stund á viku allan veturinn

Mannslíkaminn

Í þessari valgrein fá nemendur tækifæri til að kynnst mannslíkamanum á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt, bæði að innan og utan. Farið verður yfir helstu líffæri, bein, vöðva og hvernig líkaminn starfar í daglegu lífi. Nemendur læra einnig um heilsu, hreyfingu, næringu og hvernig hægt er að hugsa vel um líkama sinn og líðan. Kennslan verður blanda af fræðslu, verkefnum, tilraunum og gagnvirkum æfingum sem hvetja til forvitni og þátttöku. Valgreinin hentar öllum sem hafa áhuga á mannslíkamanum, líkamlegri og andlegri heilsu.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Mikilvægustu uppfinningarnar

Hvaða uppgötvanir hafa haft mest áhrif á líf okkar hér á jörðinni? Í máli og í kvikmyndum verður fjallað um þær mikilvægustu, allt frá því að maðurinn fór að nota eld sér til matar og verndar til uppgötvunar á tölvunni. Einhver verkefnavinna nemenda.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Myndmennt -B

Nemendur kunni skil á mismunandi aðferðum við teiknun, málningu. Kynnist vestrænni nútímalist. Þjálfist í að skoða og tala um myndlist.

Farið verður í línuteikning, hlutateikning, þrívídd, fjarvídd, skygging, portrett, módel, uppstilling, málun með mismunandi litum, stuttar listasögukynningar og athugun á málverkum. Hugmyndavinna, umræður, og skissugerð.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Námsaðstoð

Aukatími fyrir þá sem þurfa meiri hjálp og tíma til að vinna í hinum ýmsu bóklegu greinum námsins. Valið kemur inn á stundatöflu og er mætingaskylda eins og í aðrar greinar.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn.

Næringarfræði

Markmiðið með áfanganum er að nemendur kynnist grundvallarþáttum næringarfræðinnar. Fjallað verður almennt um næringarefni, hlutverk þeirra og eiginleika. Stefnt verður að því að efla vitund nemenda og auðvelda þeim að taka upplýstar ákvarðanir þegar kemur að fæðuvali. Áhersla verður lögð á að tengja námsefnið áhugasviði nemenda og verkefni að hluta til aðlöguð hverjum og einum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku, hálfan veturinn

Píla

Nemendur læra undirstöðuatriði í pílukasti á skemmtilegan og öruggan hátt. Píla er íþrótt sem sameinar fimi, einbeitingu og útreikninga – og hentar vel bæði þeim sem vilja keppa og þeim sem vilja bara hafa gaman

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku, hálfan veturinn

Popppunktur

Nemendur fá að kynnast tónlistarsögunni á Íslandi og erlendis. Markmiðið er að þau öðlist breiðari smekk fyrir tónlist. Námskeiðinu svipar til valgreinanna Eurovision og Bestu lögin sem kennd voru á miðstigi.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku, hálfan veturinn

Rappsenan í USA

Farið yfir söguna frá diskóinu yfir í tjáningu slæmrar félagsaðstæðna, fordóma og því ofbeldi sem þessir hópar upplifðu og urðu fyrir. Hvernig hafði þetta áhrif á heiminn og

hvaða félagslegar áskoranir önnur lönd eru að glíma við út frá rappmenningunni.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku, hálfan veturinn

Rómaveldi í kvikmyndum

Horft verður á kvikmyndir sem eru fræðandi um sögu Rómaveldis og þær ræddar. Til dæmis The gladiator, Ben Hur, Spartacus, Julius Sesar, The Eagle svo eittthvað sé nefnt.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku, hálfan veturinn

Síðari heimstyrjöldin

Horft verður á kvikmyndir sem eru fræðandi um sögu seinni heimsstyrjaldarinnar, kvikmyndirnar og efni þeirra skoðað með umræðum og einhverjum verkefnum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku, hálfan veturinn

Skák

Nemendur kynnast reglum skáklistarinnar og helstu byrjunum. Farið verður yfir ýmsar skákæfingar og einnig tefla nemendur við hvorn annan.

Kennslustundafjöldi: 1 stundir á viku allan veturinn.

Skólahreysti

Þessi valgrein er hugsuð fyrir þá nemendur sem hafa hug á að keppa í skólahreysti næsta vetur. Mikilvægt er að nemendur setji sér markmið og undirbúi þjálfun sem miðar að því, fjallað er um upphitun, þol, kraft og hreyfifroska. Nemendur þurfa að taka ábyrgð á eigin þjálfun.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku allan veturinn

Smíði og hönnun – B

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

Nemendur fá tækifæri til að byggja ofan á þá þekkingu sem þeir hafa fengið í yngri bekkjum. Þeir vinna skylduverkefni sem þeir hanna sjálfir, ásamt því að hanna, teikna og málsetja a.m.k. einn frjálstan hlut. Nemendur fá aðstoð kennara við að koma hugmyndum sínum í verk. Hugmyndaauðgi og sköpunargleði fá lausan tauminn. Ástundun, virkni, verkefni og umgengni mynda lokaekinn.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Spil

Nemendur kynnast allskonar spilum. Bæði sem eru spiluð með spilastokkum og borðspilum. Námsmatið byggir á áhuga og þátttöku.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Spænska

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

Kennð verða undirstöðuatriðin. Markmiðið er að nemendur fái nokkra innsýn í tungumálið, grunnatriði í málfræði og helstu framburðarreglur.

Nemendur geti sagt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og nánasta umhverfi og spurt einfaldra spurninga. Kunni tölur frá 1-100 og vikudagana.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Sund

Einungis ætlað nemendum í 10. bekk

Fyrir nemendur í 10 bekk sem hafa ekki náð 10 stiginu í sundi eða vilja aukna þjálfun í sundi.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn

Söngsmiðja - B

Skemmtileg og hvetjandi valgrein þar sem söngur, sköpun og tjáning tvinnast saman. Markmiðið er að hver og einn fái tækifæri til að blómstra og vaxa í gegnum tónlist og söng.

Við vinnum með kórsöng, takt- og tónskyn í gegnum einfalda keðjusöngva, tveggja radda útsetningar og skemmtilegar rythmaefingar. Í Söngsmiðjunni munum við einnig:

- Kynnast röddinni okkar betur og möguleikum hennar
- Syngja saman í kór
- Æfa túlkun, tjáningu og framkomu
- Taka þátt í léttum spunaefingum
- Semja lög í sameiningu
- Læra að syngja í míkrafón

Söngsmiðjan er í samstarfi við Tónlistarskóla Ísafjarðar og þátttakendur fá tækifæri til að koma fram á viðburðum á vegum skólans.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Tónlistarnám - B

Fullt nám við Tónlistarskólann á Ísafirði og Listaskóla Rögnvaldar getur komið í stað tveggja stunda í vali allan veturinn. Foreldrar bera ábyrgð á ástundun.

Tækniráð - B

Ekki verða teknir inn nýir nemendur úr 10. bekk

Nemendur læra helstu þætti ljósa- og hljóðvinnu. Notast er við ýmsar handbækur, ásamt þeim tækjum sem til eru í skólanum. Mikilvægt er að nemendur sýni áhuga í tímum og séu sjálfstæðir í vinnubrögðum bæði í tímum og á viðburðum skóla og félagsmiðstöðvar.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn. Gert er ráð fyrir að nemendur sjái um tæknimál á viðburðum skólans.

Útivist og fjallamennska

Farið yfir mikilvæg atriði fyrir ferðamennsku og útivist. Námskeiðið er að hluta til úti og að hluta til fræðsla inni. Þá verður til dæmis kennd notkun áttavita og kortalestur, farið yfir gagnlega hnúta, öryggisbúnað og almennt öryggi á fjöllum. Áhrif veðurs verða könnuð auk þess sem fjallað verður um ferðanesti, útbúnað, rötun og umgengni við náttúruna. Farnar verða þrjár lengri vettvangsferðir.

Námskeiðinu lýkur í nóvember þar sem nemendur verða búnir að vinna af sér í langferðum. Þeir sem ekki komast í langferðir þurfa að skila verkefnum í staðinn.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn